

Briem, og Guðlaugs Guðmundssonar, 10 kr. til hvors.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 63/1889.

Hannes Hafstein fyrir hönd
Alex. Mc. Glashan & Son
gegn
Jóhönnu Kr. Bjarnason.

D ó m u r :

Mál þetta er risið út af skuld, að upphæð 9265 kr. 20 a., er umbjóðendur áfrýjandans, kaupmennirnir Alex. Mc Glashan & Son í Granton telja til fyrir vörur, er þeir hafi látið verzlunina «Jóhanna Bjarnason & Co.» í Reykjavík fá árin 1884 og 1885, en áfrýjandinn telur stefndu, er þá sat í óskiptu búi eptir mann sinn látinn, Hákon kaupmann Bjarnason frá Bildudal, hafa verið eiganda nefndrar verzlunar, sem sonur hennar Brynjólfur H. Bjarnason var forstjóri fyrir, eða að minnsta kosti hafi hún borið ábyrgð á skuldaskiptum verzlunarinnar við menn út í frá, þar sem verzlunin var rekin upp á borgarabryf hennar sjálfar til verzlunar.

Þegar skipti áttu fram að fara í dánar- og fjelagsbúi hinnar stefndu og nefnds manns hennar, og innköllun til skuldheimtumanna hafði verið útgefin í búinu, lýsti áfrýjandinn, sumarið 1887, þessari sömu skuld í búinu, en með því að umboðsskjal það, er hann þá framfærði sem heimild til að krefja skuldarinnar, var að eins, eptir eigin viðurkenningu hans, stýlað til skuldheimtu á hendur Brynjólfi H. Bjarnasyni, þeim er áður er nefnd-

ur, þá var úrskurðað svo af skiptarjettinum, er hafði búið til meðferðar, að álíta bæri, að krafan hefði alls eigi fram komið á hendur búinu frá Alex Mc. Glashan & Son. Nokkru síðar höfðaði áfrýjandinn þá mál það, er nú er stefnt hjer fyrir rjettinn, gegn hinni stefndu, til að fá hana skyldaða til að greiða skuldina alla eða að þeim hluta ($\frac{2}{3}$), sem á hana hefði fallið, ef skuldin hefði verið greidd úr búi hennar og manns hennar óskiptu, en með bæjarþingsdómi Reykjavíkur 16. maí f. á. var stefnda dæmd sýkn af kærnum og kröfum stefnandans í þessu máli og málskostnaður látinn falla niður.

Áfrýjandinn hefur nú krafizt þess, að þessi bæjarþingsdómur verði úr gildi felldur, en að stefnda verði dæmd til að greiða umbjóðendum sínum principaliter 9265 kr. 20 aura, subsidiært 6176 kr. 80 a., hvorttveggja með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags, og málskostnað fyrir báðum dómum eptir mati yfirdómsins. Stefnda hefur aptur á móti krafizt þess, að hinn áfrýjandi dómur verði staðfestur og áfrýjandinn dæmdur til að greiða allan kostnað málsins fyrir yfirdómi eptir mati rjettarins.

Hin stefnda hefur meðal annars fært það sjer til varnar, að hin umkrafða skuld sje, hvernig sem á sje litið, fyrnd eða fallin úr gildi við það, að henni hafi eigi verið löglega lýst í bú hennar og manns hennar eptir innköllun þeirri til skuldheimtumanna, er þar var útgefin og áður var á minnzt, og þessa varnarástæðu verður yfirdómurinn að adhyllast, því að það verður eigi álitíð, að lýsing sú á skuldinni í bú stefndu og manns hennar, er áður er um getið, hafi getað varið skuld þessa fyrningu, með því að áfrýjandanum eigi tókst þá að sanna heimild sína til að beina kröfunni á hendur bú-

inu. Það verður því að sýkna hina stefndu fyrir kær-
um og kröfum áfrýjandans og staðfesta bæjarþingsdóm-
inn einnig hvað málskostnað snertir. Í málskostnað
fyrir yfirdómi virðist hæfa, að áfrýjandi greiði stefndu
10 krónur.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði bæjarþingsdómur á að vera órask-
aður. Áfrýjandinn, cand. jur. Hannes Hafstein fyrir
hönd Alex. Mc. Glashan & Son, greiði stefndu, ekkju-
frú Jóhönnu Kr. Bjarnason, í málskostnað fyrir
yfirdómi 10 kr., er lúkist innnan 8 vikna frá lög-
birting dóms þessa, undir aðför að lögum.

Mánudaginn 14. aprílmán.

Nr. 6/1890.

Rjettvísín

gegn

Nikulási Guðmundssyni.

D ó m u r :

Með aukarjettardómi Húnavatnssýslu, 29. júlí f. á.,
var hinn ákærði, Nikulás Guðmundsson, húsmáður í
Skyttudal, dæmdur fyrir heimildarlausa töku og brúkun
á hryssu, sem annar maður átti, í 20 kr. sekt til lands-
sjóds eða til vara 6 daga einfalt fangelsi samkvæmt
238. gr. hegningarlaganna, sbr. 40. gr. þeirra. Svo skyldi
hann og greiða 10 kr. í skaðabætur til eiganda hryssunn-
ar og allan af málinu löglega leiddan og leiðandi kostnað,
þar á meðal 6 kr. í málsvarnarlaun til svaramanns síns í